

**32. fundur Fræðslu- og frístundanefndar Fjallabyggðar  
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði  
19. september 2016 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Sæbjörg Ágústsdóttir, formaður, S lista  
Hilmar Þór Hreiðarsson, aðalmaður, F lista  
Hjördís Hanna Hjörleifsdóttir, aðalmaður, D lista  
Sóley Anna Pálsdóttir, áheyrnarfulltrúi, B lista  
Anna María Elíasdóttir, varamaður, D lista  
Kristinn J. Reimarsson, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála

**Fundargerð ritaði:** Kristinn J. Reimarsson, deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála.

Steingrímur Óli Hákonarson aðalmaður D-lista boðaði forföll og mætti Anna María Elíasdóttir varamaður í hans stað.

**Fyrir var tekið:**

**1. 1609062 - Gufubað í sundlaug Siglufjarðar. Aðgengi/opnunartími**

Á fundinn mætti forstöðumaður íþróttamannvirkja Haukur Sigurðsson. Forstöðumaður leggur til við fræðslu- og frístundanefnd að því fyrirkomulagi að kynjaskipta aðgengi að gufubaðinu í íþróttamiðstöð Siglufjarðar verði hætt en til vara verði fyrirkomulaginu framhaldið en eingöngu fyrir hádegi.

Nefndin samþykkir tillögu forstöðumanns að kynjaskipt verði fyrir hádegi líkt og verið hefur og síðan opið öllum og jafnframt að gufubaðið verði opið alla daga.

**2. 1609054 - Úthlutun frítíma í íþróttamannvirkjum veturinn 2016 - 2017**

Haukur Sigurðsson forstöðumaður íþróttamannvirkja kynnti úthlutun á frítímum í íþróttamannvirkjum Fjallabyggðar til aðildarfélaga UÍF. Fræðslu- og frístundanefnd samþykkir úthlutunina fyrir sitt leyti.

Haukur vék af fundi kl. 17:21

**3. 1609056 - Starfsáætlun Leikskóla Fjallabyggðar 2016 - 2017**

Á fundinn mættu Olga Gísladóttir leikskólastjóri, Berglind Hrönn Hlynisdóttir fulltrúi starfsmanna og Katrín Sif Andersen fulltrúi foreldra. Olga fór yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2016 - 2017. Fræðslu- og frístundanefnd þakkar Olgu kynninguna og staðfestir starfsáætlun leikskólans.

Olga, Berglind Hrönn og Katrín Sif véku af fundi kl. 17:41

**4. 1609058 - Ósk um leyfi fyrir starfendarannsókn**

Á fundinn mættu Jónína Magnúsdóttir skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar

og Sigurlaug Guðjónsdóttir fulltrúi kennara.  
Jónína fór yfir beiðni hennar um að fá að framkvæma starfendarannsókn á störfum sínum sem skólastjóri við Grunnskóla Fjallabyggðar. Rannsóknin verður unnin í tengslum við meistaraþrófsverkefni hennar við Félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst.  
Fræðslu- og frístundanevnd samþykkir beiðni Jónínu.

**5. 1609055 - Starfsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar 2016 - 2017**

Jónína Magnúsdóttir skólastjóri fór yfir starfsáætlun Grunnskóla Fjallabyggðar fyrir skólaárið 2016 - 2017. Fræðslu- og frístundanevnd þakkar Jónínu kynninguna og staðfestir starfsáætlun grunnskólans.

**6. 1609064 - Símenntunaráætlun Grunnskóla Fjallabyggðar 2016 - 2017**

Jónína Magnúsdóttir kynnti símenntunaráætlun Grunnskóla Fjallabyggðar fyrir skólaárið 2016 - 2017. Um leið og fræðslu- og frístundanevnd þakkar Jónínu kynninguna vill hún hvetja kennara, leiðbeinendur og aðra starfsmenn skólans að nýta þau tækifæri sem gefast til að sækja sí- og endurmenntunarnámskeið þannig að þeir eflist í starfi.

Jónína og Sigurlaug véku af fundi kl. 18:32

**7. 1609053 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Lögð fram umsókn um námsvist grunnskólanema utan lögheimilissveitarfélags.  
Samþykkt.

**8. 1609057 - Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Neon veturinn 2016 - 2017**

Kristinn J. Reimarsson deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála kynnti helstu áherslur í starfi félagsmiðstöðvarinnar fyrir veturinn 2016 - 2017. Fræðslu- og frístundanevnd leggur til að skoðað verði að hafa skipulagt starf fyrir 5. - 7. bekk.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50.**